

*Bréf landshöfðingjans* (til amtmannsins yfir suðr- og vesturumdæminu).

34  
17da  
nóvbr.

Ad tilmælum sveitarstjórnarinnar í Stafholtstungnahreppi í Borgarfjarðarsýslu hafð þér herra amtmaðr í bréfi frá 6. þ. m. skotið því til úrskurðar landshöfðingjans, hvort Norðrárdalshreppr í sömu sýslu sé skyldr að endrgjalda nefndum hreppi það, er hann hefir lagt með Hólmsfriði nokkurn Þorláksdóttur.

Hinnu nefnda ómaga var árið 1860 lagðr sveitarstyrkr af Stafholtstungnahreppi, og síðan hefir honni verið lagt meira og minna af fátækrafé í nefndum hreppi þangað til á haustinu 1873. Fyrst þá virðist það að hafa komið upp, að Hólmsfriðr væri sveitlög í Norðrárdalshreppi, er þá þegar hefir tekið við ómaganum til framfæris, en er Stafholtstungnahreppr nú heimtaði, að sér væri endrgoldið það, sem alt til þessa hafði verið lagt með ómaganum, og nemr það als 53 vættum og 20 fiskum í landaurum og 30 rdl. í peningum, neitaði Norðrárdalshreppr að greiða þetta í fé eðr nokkurn hluta af því, og úrskurðaðu þér herra amtmaðr þar eptir með bréfi 25. febr. þ. á., að Stafholtstungnahreppr hefði eigi rétt til að fá hinn umrædda kostnað endrgoldinn. Þenna úrskurð hafð þér bygt á því, að 9. grein í fátækrareglugjörðinni 8. jan. 1834 einongis gjöri það hreppnum, að skyldu, að láta ómögum af öðrum hreppum í tæ bráðabirgða styrk þangað til framfærslusveitin geti annast þurfamanninn, krafa til endrgjalds á slíkum styrk verði því að vera bundin við það skilyrði, að framfærslusveitinni verði þegar í stað skýrt frá því, sem lagt hefir verið með þurfamanninum, og sem heimtað er endrgoldið, þetta sé beinlínis tekið fram í kanc. bréfum frá 1. maí 1838 og 28. október 1845, og sé alveg samkvæmt hlutarins eðli, því annars gæti hreppr með því að draga að koma fram með endrgjaldskröfu sína lagt annari sveit á herðar óvænta og tilfinnanlega byrði.

Af þessu tilefni skal yðr tjáð til athugunar og til birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að landshöfðinginn er yðr samdóma um, að það bæði eptir hlutarins eðli og 8. og 9. gr. fátækrareglugjörðarinnar sé skylda hrepps þess, er leggr með þurfamanni, þegar að grenslast eptir, hvar þurfamaðrinn eigi sveit og, ef það reynist, að ómaginn eigi sveit annarstaðar, en þar sem hann hefir leitað styrks, undir eins, að skýra hlutaðeigandi hreppi frá meðlaginu og krefja það endrgoldið. Með því nú að engin skýrsla hefir komið fram um, að þessa hafi verið gætt af Stafholtstungnahreppi þá, er Hólmsfriðr Þorláksdóttir leitaði sveitarstyrks til hans, að nokkuð hafi verið lagt með Hólmsfriði, eptir að Norðrárdalshreppr var krafinn um framfærsluna, né að drátr sá, sem orðið hefir á þessari kröfu, sé orsakaðr af Norðrárdalshreppi eðr sprottinn af öðru en athugaleysi Stafholtstungnahrepps, verðr endrgjaldskrafa sú, sem komið hefir fram í þessu máli, að svo stöddu eigi tekin til greina, og úrskurðr sá, er þér hafð lagt á málið, skal því óraskaðr standa.

*Bréf landshöfðingjans* (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

35  
23ja  
nóvbr.

Eptir að meðtekin hafa verið með þóknanlegu bréfi herra amtmannsins frá 12. f. m. ummæli yðar um erindi Magnúsar Magnússonar í Skaptárdal, er hefir horið sig upp undan því, að sér hafi verið gjört sveitarútsvar í Leiðvallahreppi haustið 1871, þó hann hafi í fardögum, sama ár flutt sig frá jörðinni Sandaseli í nefndum hreppi að jörðinni Skaptárdal í Kleifahreppi, og hefir þessi niðrjöfnun Leiðvallahrepps verið staðfest með úrskurðum sýslumannsins í Skaptafellssýslu frá 8. mars f. á., og yðar, herra amtmaðr, frá 6. mars þ. á., — skal yðr þetta til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum:

Eins og tekið er fram í nefndum úrskurði amtsins verðr samkvæmt 10. grein reglug. 8. jan. 1834 aukaútsvari eigi jafnað á aðra en «innbyggjara hreppsins», en þessi orð geta

32  
23ja  
nóvbr.

eigi átt við aðra en þá, sem hafa fast aðsetri í hreppnum. Úrlausn þeirrar spurningar, hvort Magnús Magnússon sé skyldur að greiða aukaútsvar í Leiðvallahreppi fardagaárið 1871—72, er því komin undir því, hvort sagt verði, að hann á hinu nefnda ári hafi haldið aðsetri sínu í Leiðvallahreppi, þó hann hafi í fardögum 1871 flutt búferlum til Skaptárdals, og hefir þetta þótt leiða af því, að Magnús, þá er hann fór frá Sandaseli eigi slepti þegar byggingarráðum á þessari jörð, en hélt þeim hið næsta ár á eptir, lét nokkur hjú sín hirða um jörðina, og skildi eptir á henni þann fænað, sem nauðsynlegr var þessum hjúum til framsæris. Þetta atriði hefði nú, ef til vill, getað heimilað Leiðvallahreppi að jafna aukaútsvari á þann vinnumann, er fyrir hönd Magnúsar sá um jörðina, en það virðist eigi eitt út af fyrir sig geta komið því til leiðar, að Magnús verði álitinn búandi í fleiri en einni sveit, og það verður því eigi betr séð, en að hann með því, að flytjast í Kleifahrepp hafi slept aðsetri sínu í Leiðvallahreppi.

Samkvæmt þessu er hér með breytt úrskurði amtsins á málinu, en með því, að spurning sú, hvort maðr sé gjaldskyldur í einhverri sveit, eptir hlutarins eðli og löggjöf-inni — sbr. 24. grein tilsk. um bæjarstjórn í Reykjavík frá 20. apríl 1872 — sætir fullnaðarúrlausn dómstólanna, verður að tjá Leiðvallahreppi, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að hann, ef hann vill ekki una við úrskurð landshöfðingjans á málinu, leiti dóms og laga um það.

33  
24ða  
nóvbr.

#### *Auglýsing um póstmálefni.*

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 7. þ. m. samþykkt eptirritaðar breytingar á reglum þeim, sem gjörðar eru í 2., 7. og 8. grein auglýsingar frá 3. maí 1872 um setningu pósta-greiðslustaða og brèfhirðingarstaða, um laun fyrir sýslanir þessar og um aukapóstferðir.

- 1, að aukapóstferð verði stofnuð frá Akreyri til Siglufjarðar og brèfhirðing í Siglufirði.
- 2, að pósta-greiðslan fyrir Skagafjardarsýslu verði flutt frá Miklabæ að Víðimýri, en að brèfhirðing verði stofnuð á Miklabæ,
- 3, að pósta-greiðslan á Miklaholti verði flutt að Rauðkollsstöðum.
- 4, að brèfhirðingin í Eyðölum verði flutt að Höskuldsstöðum í Breiðdal.
- 5, að brèfhirðingin á Felli í Dyrhólahreppi verði flutt að Vik í sama hreppi,
- 6, að brèfhirðingin á Friðriksgáfu verði tekin af.
- 7, að launin fyrir neðan nefndar pósta-greiðslur verði eptirleiðis þannig :
 

a, að Ísafirði . . . . .	35 rd.
b, á Bæ . . . . .	30 —
c, að Djúpavogi . . . . .	30 —
d, á Helgastöðum . . . . .	25 —
e, á Sveinsstöðum . . . . .	25 —

Breytingar þessar öðlast gildi frá 1. janúar 1875.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 24. dag nóvbrmán. 1874.

*Hilmar Finsen.*

Jón Jónsson.